



## IOTA Fundargerð

Fundur haldinn í Bókakaffinu í Bolungarvík 4. nóvember 2019 kl. 18:30.

1. Fundur settur með því að kveikt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.
2. Starfsmaður Bókakaffisins sagði stuttlega frá hugmyndinni um bókakaffið. Ekki er búið að flytja bækur í kaffihúsið en það mun gerast fljótlega.
3. Nafnakall, 18 konur mættar, kveðjur frá þeim sem ekki gátu verið með.
4. Orð til umhugsunar: Dagný Sveinbjörnsdóttir – Dagný sagði okkur frá námskeiði sem hún sótti nýlega á vegum Fræðslumiðstöðvarinnar – Listin að lifa – lífsgæði og sjálfsrækt, leiðbeinandi var Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur og ritstjóri Húsfreyjunnar.
5. Rifjuð upp nokkur atriði frá síðasta fundi.
6. Matarhlé: Boðið var upp á ferskt salat með falafel kúlum.
7. Halldóra Dagný Sveinbjörnsdóttir skólastjóri í Bolungarvík, kynnti mastersritgerð sína; *Horft í baksýnispegilinn – ungt fólk á norðanverðum Vestfjörðum lýsir hvernig vanlíðan í grunnskóla mótaði viðhorf þeirra til áframhaldandi náms*. Í máli Halldóru kom fram að neikvætt viðhorf til náms og vanlíðan í grunnskóla skilaði sér ekki endilega inn í framhaldsskólann. Hluti af þeim nemendum sem hún talaði við áttu góð ár í framhaldsskóla og skiluðu góðum árangri.
8. Næsti fundur verður á Hótel Ísafirðir 4. desember.
9. Slökkt á kertunum og fundi slitið 20:15